



BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi

Alþingi

Erindi nr. P 130/1143

komudagur 25.2.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. febrúar 2004

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um erfðafjárskatt

Blindrafélagið hefur tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um Erfðafjárskatt, þskj. 605 - 435. mál, lagt fram á 130. löggjafarþingi.

Vakin skal athygli á að í frumvarpinu er ekki að finna heimild til að líknarfélög svo sem Blindrafélagið verð undanþegin greiðslu erfðafjárskatts af erfðafé eins og var í fyrri lögum, en samkvæmt lögum nr. 83/1984 er slík heimild fyrir hendi, samanber 4. gr. 2. mgr.:

Af arfi, sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga, skal engan erfðafjárskatt greiða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 3. gr. Sama gildir um handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripi sé hlutum þessum ánafnað eða þeir gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

Þau umfangsmiklu störf sem líknarfélög á borð við Blindrafélagið inna af hendi hafa sparað hinu opinbera stórfé á undanförunum árum og hafa verið undirstaða mikilla framfara á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Eru Íslendingar þekktir fyrir samstarf hins opinbera og líknarsamtaka sem hefur m.a. átt ríkan þátt í því að íslenska heilbrigðis- og félagskerfið eru nú í fremstu röð.

Á norðurlöndum hefur erfðafé verið ein þýðingarmesta tekjulind líknarfélaga þar sem það hefur notið samskonar skattfrelsis og hér hefur tíðkast. Hér á landi hafa slíkar gjafir oft skipt sköpum fyrir afkomu líknarfélaga og gert þeim kleyft að ráðast í ýmis verkefni sem annars hefðu varla verið framkvæmanleg. Væntir Blindrafélagið þess að hæstvirt alþingi setji inn sérstök ákvæði sem tryggji óbreytt ástand, annað mundi skaða til mikilla muna starfssemi félagsins.

Virðingarfyllst
f.h. Blindrafélagsins


Sigurjón Einarsson formaður

